

**Viðbótarsamkomulag við grein 4.1. í stofnanasamningi LRH og SFR
sem dagsettur var 15. júní 2007 :**

Við gerð stofnanasamnings LRH og SFR þann 15. júní 2007 féll fyrir mistök niður ákvæði um launaflokkshækkun eftir 5 ára starfsaldur við embættið. Þetta leiðréttist hér með.

Kaflí 4.1. hljómar því í heild sinni þannig:

4.1 Starfsreynsla¹

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að 2/3 hlutum eða að öllu leyti:

- 1) Starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- 2) Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka
- 3) Starfsmaður með 7 ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka*

*Skýring varðandi lið 3: Þeir sem þegar hafa fengið 6 ára starfsreynsluhækkun þann 1. maí 2006 samkvæmt stofnanasamningi frá 17. maí 2005, fá ekki 7 ára hækkun.

- 4) Eftir 5 ára starfsaldur hjá embættinu skulu starfsmenn hækka um 1 launaflokk
- 5) Eftir 10 ára starfsaldur hjá embættinu skulu starfsmenn hækka um 1 launaflokk*

*Skýring varðandi lið 5: Launaflokkshækkun eftir 10 ára starfsaldur hjá embættinu tekur gildi þann 1. janúar 2007.

(Ákvæðið um 5 ára starfsaldur féll niður við gerð samningsins en leiðréttist hér með og tekur gildi þann 1. maí 2007 í samræmi við samninginn í heild sinni)

Reykjavík 19. júní 2007

Halldór Halldórsson, framkv.stjóri

Ólafía Sigurgarðsdóttir, trúnaðarm. SFR

Sigríður Hrefna Jónsdóttir, starfsmanastj.

Þórarinn Eyfjörð, framkv.stjóri SFR

¹ Aðrar forsendur gilda um starfsreynslu fangavarða við mat á röðun í launaflokka, sjá Samkomulag Lögreglustjórans í Reykjavík og SFR varðandi fangaverði hjá embættinu, dags. 28.09.2005